

Menntarannsóknasjóður

Styrkir til hagnýtra menntarannsókna 2021

Úthlutunarreglur og skilmálar

1. Hlutverk

Menntarannsóknasjóður styrkir hagnýtar menntarannsóknir á sviði leikskóla, grunnskóla, framhaldsskóla, náms á framhaldsskólastigi og frístundastarfs. Markmið Menntarannsóknasjóðs er að styrkja stoðir hagnýtra menntarannsókna, auka tækifæri til að skapa og miðla þekkingu til frampróunar og umbóta í skólastarfi og styðja við framkvæmd menntastefnu til 2030.

Með hagnýtum menntarannsóknum er átt við rannsóknir sem:

- skapa og miðla hagnýtri þekkingu á viðfangsefnum leik-, grunn- og framhaldsskóla, náms á framhaldsskólastigi, auk frístundastarfs sem leiðir til umbóta í námi og kennslu,
- stuðla að og efla enn frekar samstarf skóla- og frístundastarfs og rannsakenda sem byggir á gagnkvæmri reynslu og leiðir til þekkingarsköpunar,
- leiða til aukinnar þekkingar og nýrra rannsóknaraðferða meðal vísindamanna.

Mennta- og menningarmálaráðherra veitir styrki úr Menntarannsóknasjóði á grundvelli 42. gr. laga nr. 123/2015 um opinber fjármál.

Mennta- og menningarmálaráðherra ákveður áherslusvið í samræmi við áherslur í menntastefnu til 2030.

2. Úthlutunarnefnd

Ráðherra skipar fimm manna ráðgefandi úthlutunarnefnd sem leggur mat á umsóknir og gerir tillögu að úthlutun. Ráðherra skipar einn nefndarmann án tilnefningar sem jafnframt er formaður, einn skal vera tilnefndur af samstarfsnefnd háskólastigsins, einn af Kennarasambandi Íslands, einn af Sambandi íslenskra sveitarfélaga og einn af Menntamálastofnun. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti.

3. Verkefni úthlutunarnefndar

Úthlutunarnefnd Menntarannsóknasjóðs metur umsóknir að fengnum tillögum fagráðs og gerir tillögu til ráðherra um hvernig skuli ráðstafa fjárveitingu til styrkþega. Mat á umsóknum byggir m.a. á hagnýtu gildi verkefna, færni og aðstöðu umsækjenda til að framkvæma verkið og líkum á að verkefnið skili mælanlegum árangri og ávinningi.

Kostnaður við umsýslu, mat á umsóknum og við störf úthlutunarnefndar og rekstraraðila skal greiddur af ráðstöfunarfé sjóðsins.

4. Auglýsing styrkumsókna

Mennta- og menningarmálaráðuneyti auglýsir opinberlega eftir umsóknum um styrki og skal auglýsing birtast í dagblöðum á landsvísi og á vef mennta- og menningarmálaráðuneytis.

Í auglýsingu skulu koma fram upplýsingar um hlutverk sjóðsins, áherslur, umsóknarfrest og hvernig sótt er um.

Í auglýsingu skal frestur til að skila inn umsóknum vera að lágmarki 3 vikur.

5. Umsóknir

Til að umsókn teljist gild verður hún að innihalda lýsingu á áætluðum ávinningi fyrir íslenskt menntakerfi og hvernig niðurstöðum verði miðlað til skólasamfélagsins. Jafnframt skal umsókn innihalda nöfn, feril- og birtingaskrár og menntun ábyrgðaaðila rannsóknar ásamt rannsóknaráætlun og kostnaðaráætlun. Umsókn skal einnig innihalda nöfn og viljayfirlýsingar annarra þátttakenda og samstarfsaðila ef einhverjir eru. Nöfn meistara- og doktorsnema og nýdoktora þurfa ekki að liggja fyrir. Fáir verkefnið styrk verður farið fram á undirritaða samstarfsyfirlýsingu annars vegar rannsakenda og hins vegar skólastjórnenda, kennara, annarra starfsmanna skóla, fræðsluaðila og frístundastarfs eða fulltrúa rekstraraðila skóla sem taka þátt í rannsókninni. Taka skal fram hvort sótt hafi verið um aðra styrki fyrir verkefnið eða það hlotið aðra styrki.

Umsóknir um styrki úr sjóðnum skulu berast Rannís með rafrænum hætti.

6. Mat á umsóknum

Mat á umsóknum byggist á eftirfarandi atriðum:

1. Mikilvægt er að verkefnið hafi vel skilgreindar rannsóknaspurningar/tilgátur og markmið og sé skipt í vel afmarkaða verkþætti.
2. Lýsa þarf hverjum verkþætti fyrir sig, tengingum við aðra verkþætti í verkefninu og áætla tíma sem fer í hvern verkþátt.
3. Gera verður grein fyrir þeim rannsóknaraðferðum sem notaðar eru og af hverju þær eru notaðar í hverju tilfalli. Aðferðafræði við söfnun upplýsinga og mat á gögnum þarf að liggja fyrir.
4. Lýsa skal helstu vörðum í verk- og tímaáætlun sem marka skil á milli áfanga í verkefninu.
5. Gera skal grein fyrir samstarfi innan verkefnis, bæði milli ólíkra vísindamanna og rannsóknarmanna, sem og samstarfs við leik-, grunn- og framhaldsskóla, fræðsluaðila vegna náms á framhaldsskólastigi og/eða frístundastarfs grunnskóla. Ef um er að ræða alþjóðlegt samstarf í verkefninu skal því lýst sérstaklega.
6. Upplýsingar ef við á um hvaða hlutar verkefnisins eru doktorsverkefni, við hvaða skóla og deild nemarnir leggja stund á námið, hver leiðbeinir og í hverju framlag þeirra er fólgið í rannsókninni.
7. Gera skal grein fyrir og færa rök fyrir áætluðum ávinningi skóla- og fræðsamfélagsins af nýtingu niðurstaðna verkefnisins í íslensku menntakerfi og í alþjóðlegu vísindasamfélagi. Ávinningur getur verið þekkingarlegur, umhverfislegur, hagrænn, félagslegur o.s.frv. Afrakstur verkefna eru mælanlegar „einingar“ sem koma út úr verkefninu. Dæmi um afrakstur eru: lýsingar á hagnýtingu þeirra í skólum og/eða frístundastarfi, birtar vísindagreinar, ritverk, háskólagráður, rannsóknaraðferðir, o.fl.
8. Gera skal grein fyrir hvernig staðið verður að kynningu rannsóknarniðurstaðna þannig að þær nýtist í leik-, grunn- og framhaldsskólum, fræðsluaðilum vegna náms á framhaldsskólastigi og frístundastarfi, ásamt því að leiða til umbóta í námi og kennslu.
9. Um birtingu og aðgengi að rannsóknarniðurstöðum gilda ákvæði 10. gr. laga um opinberan stuðning við vísindarannsóknir nr. 3/2003, með áorðnum breytingum. Gera skal grein fyrir birtingu þeirra í fagritum, skýrslum, ráðstefnum, o.s.frv.,
10. Gera skal grein fyrir siðfræðilegum álitamálum ef við á, þ.m.t. álitaefnum skv. lögum um vísindarannsóknir á heilbrigðisviði nr. 44/2014 og hvernig lögum nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga verður framfylgt.

7. Afgreiðsla umsóknar

Mennta- og menningarmálaráðuneyti tilkynnir umsækjendum um afgreiðslu umsókna þeirra og gengur frá skilmálum við hvern styrkþega. Styrkur greiðist út í tvennu lagi, fyrri hluti styrks (80% af styrkuppþæð) þegar gengið hefur verið frá skilmálum við styrkþega og síðari hluti styrks (20% af styrkuppþæð) þegar skilagrein um ráðstöfun styrks hefur verið samþykkt af mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Upplýsingar um styrkveitingar verða birtar á vef mennta- og menningarmálaráðuneytis.

8. Eftirlit með framkvæmd verkefna

Styrkþegar skulu gera grein fyrir niðurstöðum rannsókna þegar þær liggja. Eigi síðar en tveimur mánuðum eftir lok verkefnis skilar ábyrgðaraðili rannsóknar mennta- og menningarmálaráðuneyti greinargerð um framkvæmd rannsókna, nýtingu styrks og miðlun niðurstaðna.

Heimilt er að krefja styrkþega um endurgreiðslu styrks, að hluta eða öllu leyti, ef sýnt þykir að styrkfé hafi ekki verið eða verði ekki nýtt í þeim tilgangi sem ætlað var eða greinargerð hefur ekki borist innan eðlilegra tímamarka.